



## Verkfræðingafélag Íslands

### Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Skuggasundi 1

101 Reykjavík

### Efni: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/2013, um náttúruvernd (málsmeðferð o.fl.)

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti leggur fram til umsagnar í samráðsgátt áform um frumvarp til breytingu á lögum nr. 60/2013, um náttúruvernd, birt þann 26. júlí 2020. Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

VFÍ hefur vakið athygli á auknu flækjustigi við leyfisveitingar og því að tíminn sem tekur að afgreiða mál getur orðið langur. Nokkrar ástæður eru fyrir þessu en meðal annars hefur verið bent á langa auglýsinga- og umsagnartíma, það að lögbundnir afgreiðslufrestir standast ekki, kæruheimildir eru margar og afgreiðsla þeirra tekur óhóflega langan tíma.

Í áformum um lagabreytinguna sem hér er til umfjöllunar er lagt til að kynningartími áforma vegna friðlýsinga verði stytur úr átta vikum í tvær. Gæta verður að því, ef kynningartími verður stytur, að gæði og gangsæi í kynningum mála sem eru til umsagnar verði aukið og tryggt verði að kynningar fari fram á áhrifaríkan hátt. Ef kynningartími sem hér er ræðir verður stytur í tvær vikur er full ástæða til að gera sambærilegar breytingar í öðrum lögum, þ.m.t. lögum um mat á umhverfisáhrifum, skipulagslögum og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Undanfarin ár hefur kærur til úrskurðanefnda fjölgað, úrskurðaraðilar hafa ekki undan og mál dragast langt fram yfir lögboðna afgreiðslufresti. Í nýlegri greiningu og samanburði á löggjöf nágrannalanda kemur í ljós að í íslenskum lögum um mat á umhverfisáhrifum eru kæruheimildir mun fleiri en í samanburðarlöndunum, sérstaklega opnar kæruheimildir<sup>1</sup>. Við útfærslu nýrra og breyttra lagaákvæða um kæruheimildir þarf að huga vel að útfærslu og horfa til nágrannalanda varðandi sambærileg mál.

VFÍ hefur um langt skeið vakið athygli á kostum þess að bjóða út verkefni á vegum hins opinbera á almennum markaði. Útvistun verkefna til óháðra sérfræðinga felur í sér mikið hagræði án þess að víkja frá kröfum um fagmennsku og gæði. Kortlagning óbyggðra víðerna er ágætt dæmi um verkefni sem tækni- og ráðgjafafyrirtæki hafa fulla burði til að leysa. Lagt er til að þetta verði áréttað af ráðuneytinu í frumvarpi til laga eða greinargerð frumvarpsins.

Mikil þróun hefur verið undanfarna áratugi í meðferð úrgangs og fyrirsjáanlegt er að svo verði áfram. Tekið er undir að mikilvægt er að styrkja ákvæði laga um bann við losun á úrgangi í náttúrunni.

Í áformum um lasetningu eru, í kafla um samráð, tilteknir hagsmunaaðilar og fyrirhugaðir samráðsaðilar. Þar er ferðabjónusta nefnd en ekki aðrir rekstraraðilar eða framkvæmdaaðilar sem

---

<sup>1</sup> Aagot Vigdís Óskarsdóttir. 2019. Samanburður á löggjöf nokkurra nágrannabjóða um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

geta átt hagsmuna að gæta á friðlýstum svæðum eða í nágrenni þeirra. Það færir í aukana að friðlýst eru svæði þar sem ýmis rekstur og innviðir eru til staðar eða gætu verið byggðir upp á svæðunum. Sérstaklega á þetta við um svæði sem eru fjölfarin eða friðlýst vegna nýtingar til útivistar sem kallar á innviðauppbyggingu. Útvíkka þarf hóp samráðsaðila til að mæta þessu.

*Reykjavík, 17. ágúst 2020.*

*Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.*